

YFIRLIT YFIR HELSTU ÆSI OG ÁSYNJUR

Óðinn er æðstur og elstur ása. Hann er goð skáldskapar og hernaðar og faðir flestra annarra goða. Kona hans er **Frigg** (sbr. sápugeturina Frigg á árum áður) en hún er hjúskapargyðja. Hann á tvo hrafna, **Hugin** og **Munin**, sem fljúga út um heim að morgni og koma heim að kvöldi með tíðindi dagsins. Óðinn á líka tvo úlfa, þá **Gera** og **Freka**, sem éta allan mat Óðins, sjálfur drekkur hann aðeins vín. Hann lét úr sér annað augað fyrir sopa úr viskubrunninum **Mímisbrunni** og er þess vegna eineygður.



Þór (Ása-Þór, Öku-Þór) er sterkastur allra goða og sjálfkjörinn til landvarna þar sem hann á gripi sem auðvelda honum það starf, þ.e. hamarinn **Mjölni**, **járnglófa** (hanska) og **mekingjarðirnar** (belti sem eykur styrk hans). Hann á auk þess kerru og tvo geithafra, þá **Tanngrisni** og **Tanngnjóst**, sem hann spennir fyrir kerruna þegar hann ferðast um með látum (þrumum og eldingum). Hann býr að **Þrúðvangi** (sbr. sal matvælabrautar VMA) og á konu sem heitir **Sif**. Þau eiga saman tvö börn, **Móða** og **Þrúði**, auk þess sem Þór á soninn **Magna** með tröllskessunni **Járnsöxu**. Þór er **sonur Óðins og Jarðar** (þar af koma væntanlega kraftarnir). Í ragnarökum berst Þór við Miðgarðsorm og báðir falla.

Baldur er sonur Óðins og Friggjar. Hann er bjartur, hreinn og syndlaus, enda tákn hins góða og óspillta í heimi ása. Hann býr að **Breiðabliki** og á konu sem heitir **Nanna Nepsdóttir**, sonur þeirra heitir **Forseti**. Baldur er drepinn með svikum fyrir tilstilli Loka og eftir dauða hans á spillingin greiða leið inn í heim ása.

Njörður er vanaættar (önnur guðaætt) en kom í Ásgarð sem gísl eftir stríð milli vana og ása. Hann er sjávarguð og vill því búa við sjóinn, í **Nóatúnum** (sbr. götu og verslunardeðu í Reykjavík sem nú er reyndar runnin saman við Krónuna). Njörður er tvíkvæntur, fyrri konu sína varð hann að skilja eftir í Vanaheimi þar sem hún var jafnframt systir hans og sifjaspell er bannað í Ásgarði. Seinni kona Njarðar heitir **Skaði**, hún er jötnaættar og er alin upp á fjöllum þar sem hún vill búa. Þau gátu ekki komið sér saman um varanlegan bústað og skildu því. Með fyrri konu sinni átti Njörður tvö börn, þau **Frey** sem er frjósemisgoð og **Freyju** sem er ástar- og frjósemisgyðja. Einkennisgripur Freyju er hálsfestin **Brísingamen** og hún á vagn sem dreginn er af tveimur köttum (sbr. sælgætisgerðina Freyju sem hefur kött í merki sínu). Eiginmaður Freyju heitir **Óður**





en hann yfirgaf hana á brúðkaupsnóttina og þess vegna grætur Freyja gulltárum.

Týr er stríðsguð, djarfur og hugrakkur og sá eini sem bregst við þegar Fenrisúlfr hefur efasemdir um fjöturinn Gleipni og krefst þess að einn ása leggi hönd sína að veði í kjaft hans. Þegar úlfurinn áttar sig á því að hann losnar ekki úr fjötrinum bítur hann hönd Týs af og hann er því einhentur.

Bragi er goð skáldskapar, sbr. öll þau orð sem varða skáldskap og af nafni hans eru dregin (bragfræði, braglína, bragarháttur o.s.frv.). Kona Braga er **Íðunn**. Hún varðveitir gulleplin sem goðin bíta af til þess að varðveita æsku sína og fegurð.



Heimdallur er almannavarnastjóri goðanna, enda best til þess fallinn af ýmsum ástæðum, í fyrsta lagi getur hann heyrt grasið vaxa og séð jafn vel að nóttu og degi. Auk þess á hann lúðurinn **Gjallarhorn** (sbr. samnefnt tæki sem enn er notað undir því nafni). Hann býr að **Himinbjörgum**, við efri enda Bifrastar. Hann er **sonur Óðins og níu systra**. Stéttskipting manna er rakin til hans en skv. **Rígsþulu** skrapp hann eitt sinn í þriggja náttu ferðalag til **Miðgarðs**, kallaði sig **Ríg** og fékk að gista hjá mennskum hjónum (Áa og Eddu, Ömmu og Afa, Föður og Móður) hverja nótt. Alls staðar svaf hann á milli hjónanna. Allar konurnar urðu síðan barnshafandi og afkvæmi þeirra urðu forfeður þræla, bænda og jarla (og þar með konunga). Í ragnarökum berst Heimdallur við Loka og falla báðir.



Höður, sonur Óðins, er blindur og það notfærir Loki sér þegar hann lætur Höð kasta **mistilteini** í Baldur til að drepa hann. Mistilteinninn var hið eina í öllum heiminum sem gat grandað Baldri þar sem Frigg hafði tekið þann eið af öllum hlutum að skaða hann ekki. Goðin reiddust Heði og drápu hann og frömdu þá alvarlegasta glæp sinn skv. **Völuspá**. Höður snýr þó aftur eftir ragnarök með Baldri bróður sínum og sonum Þórs, þeim Móða og Magna.

Víðar heitir sonur Óðins, sá sem hefnir fyrir dauða föður síns og drepur Fenrisúlfr eftir að sá síðarnefndi hefur étið Óðin í ragnarökum.

Loki er tákn hins illa, enda sá sem flest/allt illt hlýst af. Hann er jötnaættar en býr í Ásgarði vegna þess að þeir Óðinn eru fóstbræður (blóðbræður, hafa blandað blóði). Loki er fríður sýnum en skapvondur og svikull. Hann kemur ásum sífellt í vandræði en þarf reyndar líka gjarnan að leysa úr þeim sjálfur. Kona Loka heitir



Sigyn og þau eiga tvo syni, þá **Vála** og **Nara** (eða Narfa). Loki eignaðist líka þrjú afkvæmi með tröllkonunni **Angurboðu** sem koma síðan mjög við sögu ása, ekki síst í ragnarökum. Systirin í hópnum er **Hel** sem Óðinn kastaði í Niflheim og gerði að yfirmanni dauðraríkisins sem ber nafn hennar (sbr. helvíti kristinna manna og orðtökin „að heimta úr helju“ og „fara til heljar“).

Bræðurnir voru þeir **Miðgarðsormur** sem Óðinn kastaði í sæ þar sem ormurinn umkringir jörðina og bítur í eigin sporð, og **Fenrisúlfulur** sem æsir reyndu að ala upp heima hjá sér til að byrja með. Þeir sáu þó fljótt að úlfurinn mundi vaxa þeim yfir höfuð og verða stórhættulegur ef ekkert væri að gert, þeir gerðu því þrjár tilraunir til að binda hann niður, fyrst með fjötrinum **Læðingi** (sbr. orðtakið „að leysa úr læðingi“), síðan með fjötrinum **Dróma** sem var hálfu sterkari en sá fyrsti (sbr. orðtakið „að drepa úr dróma“). Hvorugur dugði og því gerðu æsir eina tilraun enn með fjöturinn **Gleipni** sem búinn var til úr sex hlutum sem ekki eru til í raun (þ.e. með göldrum/svikum). Fenrisúlfinn grunaði æsi um græsku vegna þess að fjöturinn líktist silkibandi og krafðist þess að einhver þeirra legði hönd sína að veði í munn hans. Týr varð við áskoruninni og missti hönd sína um úlnið fyrir vikið. Loki er auk þess móðir **Sleipnis**, hins áttfætta hests Óðins, en faðirinn er **Svaðilfari** hestur borgarsmiðsins.

Ásynjur voru fleiri en þær, sem taldar eru hér að ofan, en hlutverk þeirra er keimlíkt og litlum sögum fer af þeim. Nokkrar þeirra helstu eru: **Eir** sem er góður læknir (sbr. hjúkrunarheimilið Eir í Reykjavík). Á **Sjöfn** er heitið til ásta (sbr. bókartitillinn *Sjafnaryndi* sem er kynlífshjálparbók), **Vár** varðveitir einkamál karla og kvenna og **Vör** veit allt. **Syn** er dyravörður og getur neitað mönnum inngöngu, sbr. sögnina *að synja* (neita). Loks má nefna **valkyrjur**, þ.e. konur þær sem velja þá sem falla í valinn í bardaga, flytja þá til Óðins í Valhöll (þýðing: ‘höll þeirra sem falla í valinn’) þar sem þær þjóna svo til borðs. Þessir látnu hermenn eru kallaðir **einherjar** og þeir berjast með goðunum í lokabardaganum. Þeir drepa tímann fram að ragnarökum með því að berjast á daginn og drekka mjöð og éta svínakjöt á nóttunni.

